

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni sýslumannsembætta.

1. *Hvaða lögbundnu verkefnum sinna sýslumaðurinn á Austurlandi, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu, sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra, sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, sýslumaðurinn á Suðurlandi, sýslumaðurinn á Suðurnesjum, sýslumaðurinn á Vestfjörðum, sýslumaðurinn á Vesturlandi og sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum?*

Í lögum um framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði, nr. 50/2014, er kveðið á um að sýslumenn fara með framkvæmdarvald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Þar á meðal fara þeir með innheimtu opinberra gjalda, að því leyti sem hún er ekki falin öðrum. Um sérverkefni sýslumanna má finna upplýsingar á vef sýslumannsembættanna, www.syslumenn.is.

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna hvers sýslumannsembættis og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Heildarfjárveiting til sýslumanna samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020 eru 3.252,2 millj. kr. Hvorki er í lögum um opinber fjármál, gildandi fjárlögum frá Alþingi, né í bókhaldi stofnana gert ráð fyrir að fjárreiður þeirra séu sundurgreindar eftir einstökum lögbundnum verkefnum.